



106. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. október 2009 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 105. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Erindi Viktoríu Ránar Ólafsdóttur

Fyrirspurn varðandi leyfi til að setja upp tjaldsvæði nálægt Staðarhöfn í Reykhólahreppi.

Afgreiðsla:

Viðkomandi verður bent á að beina erindinu til byggingafulltrúa Reykhólahrepps sem eftir atvikum leitar umsagnar Breiðafjarðarnefndar.

Aðalskipulag Helgafellsveitar

Sent nefndinni til umsagnar.

Afgreiðsla

Farið var yfir aðalskipulag Helgafellsveitar og skráðar niður athugasemdir.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Farið yfir myndasafn.

Afgreiðsla

Kolbrún, Ásgeir Gunnar og Pálmi munu sjá um að velja myndir á skiltið úr því myndasafni sem komið er. Tillögur eiga að liggja fyrir næsta fundi.

Fjárframlag ríkisins til nefndarinnar fyrir árið 2010

Miðað við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2010 verður fjárframlag til Breiðafjarðarnefndar lækkað um 10%.

Umsögn vegna framkvæmda í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við smábátahöfn í Innstapolti í Hólsbúðarvogi í Flatey.

Afgreiðsla

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd með þeim fyrirvara að hægt verði að nýta það grjót sem til fellur vegna framkvæmdarinnar. Ef opna þarf grjótnámur annars staðar á verndarsvæðinu, þarf að leggja það mál sérstaklega fyrir nefndina.



Önnur mál

Fundir um örnefni og örnefnasöfnun

Kolbrún kynnti fyrir nefndinni fundi sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóð fyrir í samvinnu við Félag eldri borgara í Borgarfjarðardölum, Félag eldri borgara í Snæfellsbæ og Menningarráð Vesturlands. Fundirnir voru haldnir í Ólafsvík og Reykholti. Sigurður sagði einnig frá fundinum sem hann sótti í Reykholt þar sem kynnt var hugmynd um að kanna hvort hægt verði að ráða starfsmann til að vinna að söfnun örnefna í samvinnu við Félag eldri borgara í bæjarfélögunum.

Bréf frá Sverri Jakobssyni

Lagt fram til kynningar erindi Sverris varðandi ritun á sögu Breiðafjarðar. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Náttúrustofuþing og Umhverfisþing

Guðríður kynnti lauslega fyrir nefndinni tvær skýrslur sem hún fékk á Umhverfisþingi dagsett 9. október 2009. Fyrri heitir „Umhverfi og auðlindir“ og seinni „Velferð til framtíðar“. Guðríður sagði einnig frá Náttúrustofuþingi sem hún sótti, sem var haldið þann 8. október 2009 í Sandgerði. Þorleifur og Pálmi voru einnig á þinginu.

Fundi var slitið kl. 14:20. Næsti fundur verður haldinn 19. nóvember 2009.